



Eftirlitsverkefni

Upprunamerkingar matjurta

September 2013 – maí 2014





Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Eftirlitsverkefni	2
3. Framkvæmd	2
4. Niðurstöður.....	3
4.1. Innpakkaðar matjurtir	3
4.2. Óinnpakkaðar matjurtir.....	5
5. Lokaorð	6

1. Inngangur

Upplýsingar um uppruna matvæla verða neytendum sífellt hugleiknari af ýmsum ástæðum og viss þróun er í gangi varðandi auknar kröfur um slíka upplýsingagjöf um matvæli.

Merking upprunalands á jurtum er heiti lands sem hún er ræktuð í. Árið 2009 voru settar reglur um upprunamerkingar ferskra matjurta og er þær að finna í viðauka 7 við reglugerð nr. 503/2005 um merkingu matvæla. Þær reglur ná þó ekki yfir allar matjurtir. Fyrst og fremst gilda þær um grænmeti og kryddjurtir. Reglurnar gilda hvort sem matjurtirnar eru heilar eða niðurskornar, innpakkaðar eða óinnpakkaðar, og hvort sem ein eða fleiri tegundir eru í pakkningu.

Tilgangurinn með þessu eftirlitsverkefni er að kanna hvort upplýsingar sem skylt er að gefa um uppruna eru til staðar, hvort þær eru læsilegar og hvort upplýsingar eru villandi.

2. Eftirlitsverkefni

Sameiginleg eftirlitsverkefni Matvælastofnunar og Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga eru unnin í því skyni að samræma matvælaeftirlit á landinu og skoða ákveðna þætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Eftirlitsverkefni geta verið margskonar. Í sumum eru tekin sýni af matvælum á ákveðnu tímabili um allt land og örveru- eða efnainnihald skoðað. Í öðrum tilfellum er augunum beint að upplýsingum um matvæli eða öðrum þáttum í starfsemi matvælafyrirtækja.

3. Framkvæmd

Eftirlitsverkefnið var unnið á tímabilinu 17. september 2013 til 31. maí 2014. Útbúnar voru leiðbeiningar ásamt spurningarformum. Heilbrigðiseftirlitið, sem hefur eftirlit með þökkun og dreifingu matjurta og matvöruverslunum, skráði niðurstöður athugana rafrænt í Google Drive og Matvælastofnun tók niðurstöðurnar saman. Flestar athuganir voru gerðar um haustið og vorið, en fæstar í nóvember - janúar. Skoðaðar voru innpakkaðar og óinnpakkaðar matjurtir í 49 verslunum víða um land, og sést dreifing athugana eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum í töflu 1.

Á landinu eru 10 heilbrigðiseftirlitssvæði.

- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis (HHK)
- Heilbrigðieftirlit Reykjavíkur, Matvælasvið (HER)
- Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis (HKJ)
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (HVL)
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða (HVF)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV)
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL)
- Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja (HSN)

Tafla 1. Fjöldi athugana á matjurtum, sem skylt er að merkja uppruna á, eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum


	HHK	HER	HKJ	HVL	HVF	HNV	HNE	HAUST	HSL	HSN	Alls
Innpakkaðar	125	40	0	0	20	2	29	91	53	8	368
Óinnpakkaðar	80	35	0	0	39	4	41	68	17	8	292

4. Niðurstöður

4.1. Innpakkaðar matjurtir


Spurning 1: Ef ein tegund í pakkningu: Er upprunaland merkt?

- Fjöldi skoðaðra pakkninga: 331




Spurning 2: Ef blanda tegunda er í pakkningu: Er upprunaland allra tegunda merkt?

- Fjöldi skoðaðra pakkninga: 42




Spurning 3: Er upprunamerking vel læsileg?

- Í leiðbeiningum með verkefninu stendur:
Læsileiki;
 - Stafastærð næg (miða má við 13. gr. EB/1169/2011 þ.e. 1,2 mm hæð lágstafa)
 - Skýr texti
 - Skammstafanir og heiti nægilega skiljanlegar fyrir neytendur (t.d. ekki bara erl, ísl, NL)



Spurning 4: Eru villandi upplýsingar ?


- Í leiðbeiningum með verkefninu stendur:
Villandi upplýsingar, dæmi
 - Merkingar umbúða eða skilti ekki villandi t.d. gefa til kynna annan uppruna, með myndum, texta eða merkjum.



4.2. Óinnpakkaðar matjurtir


Spurning 5: Er upprunamerking til staðar og á hún greinilega við matjurtina?

- Í leiðbeiningum með verkefninu stendur:
 - Upprunamerking til staðar og vel staðsett
 - Beint ofan eða neðan við vöru (hillumerking)
 - Skilti á/við ílát sem matjurtin er í
 - Í sjónlínu/á sama sjónsviði (t.d. á vegg)
 - Upprunamerking á greinilega við matjurtina
 - Tegund/einkenni/vörumerki/framleiðandi komi fram á merkingunni, ef vafi getur annars leikið á um við hvaða vöru er átt




Spurning 6: Er upprunamerking vel læsileg?

- Í leiðbeiningum með verkefninu stendur:
 - Greinilegar og læsilegar merkingar
 - Stafastærð og skýrleiki nægur
 - Skammstafanir og heiti nægilega skiljanlegar fyrir neytendur (t.d. ekki bara erl, ísl, NL)



Spurning 7: Eru villandi upplýsingar til staðar?

- Í leiðbeiningum með verkefninu stendur:
Villandi upplýsingar, dæmi:
 - Ef matjurtir eru í kassa/grind/íláti með óviðkomandi merkingum s.s. annarri matjurtategund, öðrum vörumerkjum, óviðkomandi aðilum, getur það verið villandi varðandi uppruna
 - Óljósar/misvísandi upprunamerkingar fyrir matjurtir frá fleiri en einu landi



5. Lokaorð

Niðurstöður verkefnisins sýna að margir ábyrgðaraðilar innpakkaðra matjurta og margar verslanir gefa skýrar og góðar upplýsingar um uppruna matjurta. En þær sýna einnig að mörg dæmi eru um að upprunamerkingar, sem skylt er að gefa, vanti.

Á innpökkuðum matjurtum, voru upplýsingar um upprunaland á 84% vara sem innihalda eina matjurtategund. Á vörum með blöndu af tegundum, voru upplýsingar um upprunaland allra tegunda á þremur af hverjum fjórum vörum. Upplýsingar um upprunaland vantaði því á 16 % þeirra vara sem innihalda eina tegund en á um fjórðung vara sem innihalda blöndu matjurta. Merkingar þessara vara voru almennt vel læsilegar (92 % varanna) og skýrar (ekki villandi 93 % varanna).

Á óinnpakkaðar matjurtir vantar upprunamerkingar við þriðjung þeirra, eða upprunamerkingin er þannig að ekki er greinilegt hvort hún á við matjurtina. Við þriðjung óinnpakkaðra matjurta er upprunamerkingin ekki vel læsileg þó hún sé til staðar.

Mikill munur er á milli verslana, sumar þeirra eru með allar óinnpakkaðar matjurtir vel merktar, en einnig er dæmi um verslanir þar sem engar upprunamerkingar eru til staðar.

Þátttaka, fjöldi skoðunarstaða og matvara í eftirlitsverkefninu var þannig að niðurstöður ættu að gefa nokkuð góða mynd af ástandi upprunamerkinga á þeim matjurtum sem skylt er að gefa uppruna á.